



MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Eyjalistans og Fyrir Heimaey kjörtímabilið 2022-2026.

Samningurinn er grundvallaður á stefnuskrám félaganna fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022.

Eyjalistinn (E-listi) og Fyrir Heimaey (H-listi) munu á kjörtímabilinu halda áfram fjárfestingu í innviðum samfélagsins.

Ábyrgur rekstur verður áfram í forgangi og lögð verður áhersla á vandaðar áætlanir og rafræna stjórnsýslu.

Áfram verður kappkostað að veita framúrskarandi þjónustu; á sama tíma og álögum á einstaklinga og fyrirtæki verður haldið í lágmarki.

Skóla- og fræðslumál áfram í forgangi

- Áfram verður unnið að því að efla þjónustu í leik- og grunnskólum.
- Halda áfram með rannsóknar- og þróunarverkefnið Kveikjum neistann, sem miðar að því að bæta líðan og árangur grunnskólanema.
- Viðhalda þarf snemmtækri íhlutun í leik- og grunnskóla og halda þarf áfram að styrkja stoðkerfi barna á þessum skólastigum og faglegt starf.
- Haldið verður áfram með tæknivæðingu í leik- og grunnskóla.
- Áhersla verður áfram lögð á þjónustu við barnafjölskyldur, öflugt tómstunda- og frístundastarf og hófsama gjaldtöku fyrir veitta þjónustu í málaflokknum.
- Fyrstu skref í gjaldfrjálsum leikskóla verða tekin strax í haust fyrir börn á Víkinni.
- Teknar verða upp heimgreiðslur vegna 12-16 mánaða barna sem ekki eru á leikskóla.



Uppbygging í þágu eldra fólks

- Byggðar verða þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk auk þess sem farið verður í uppbyggingu íbúða fyrir 60 ára og eldri í samstarfi við einkaaðila.
- Unnið verður að heildstæðri stefnu í málefnum aldraðra með skýrri framtíðarsýn og aðgerðaráætlun með það markmið að efla þjónustuna.

Samfélag fyrir alla

- Ráðist verður í uppbyggingu byggðar og grænna svæða í Löngulág.
- Flýtt verður deiliskipulagi á nýjum svæðum fyrir íbúðabyggð til að tryggja nægt framboð á lóðum.
- Áfram verður unnið að uppbyggingu leikvalla og opinna svæða.
- Unnið verður að fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum ungs fólks auk þess sem starfsemi í Féló verður eflað.
- Stefnt verður að viðurkenningu sem Heilsueflandi samfélag.
- Áfram verður unnið að bættri þjónustu við fatlað fólk í samræmi við óskir þeirra og þarfir og auka atvinnutækifæri hópsins í samstarfi við ríkið.
- Gerð verður heildstæð menningarstefna með tímasettri aðgerðaáætlun.
- Halda áfram samstarfi við ferðaþjónustuna um markaðssetningu Vestmannaeyja.

Hugum að umhverfinu

- Vera í fararbroddi í umhverfismálum og fylgja markmiðum í nýrri umhverfis- og auðlindastefnu.
- Ráðast í framtíðarstefnumótun um úrgangsmál.
- Gera áætlun um fegrun miðbæjarins í samstarfi bæjarins, fyrirtækja og íbúa.
- Halda áfram uppbyggingu gönguleiða og ferðamannastaða.



Uppbygging innviða

- Lokið verður við viðbyggingu Hamarsskóla.
- Ráðist verður í byggingu nýs leikskóla til að mæta vaxandi fjölda barna í Vestmannaeyjum.
- Ljúka við áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í samvinnu við ÍBV Héraðssamband.
- Ljúka við framtíðarskipulag 3. hæð Fiskiðjunnar í samstarfi við hagaðila.
- Halðið verði áfram með áform um stórskipakant við Eiðið.
- Óskað verði eftir samstarfi við einkaaðila um uppbyggingu þurrkvíar, sem þjónustað getur stærri skip.

Bætt lífsskilyrði með öflugri hagsmunagæslu

Þrýsta á ríkið um:

- Að staðið verði við þau loforð að bæta Landeyjahöfn þannig að hún þjóni hlutverki sínu allan ársins hring.
- Að lokið verði við rannsóknir á jarðlögum milli lands og Eyja og fýsileiki gangna til Vestmannaeyja verði kannaður.
- Að ríkisstyrkt flug verði milli lands og Eyja.
- Að farið verði í verkefni um sérhæfða sjúkraþyrllu. Á meðan sjúkraþyrlla er ekki í Eyjum verður að tryggja að sjúkraflugvél sé staðsett í Eyjum.
- Að þjónusta HSU í Vestmannaeyjum verði efld með áherslu á grunnheilbrigðisþjónustu; og þrýsta á að yfirmaður heilbrigðisþjónustannar í Vestmannaeyjum verðir staðsettur í Eyjum.
- Að unnið verði að uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis í samstarfi við ríkið.
- Að tryggja enn fjölbreyttara námsframboð á framhalds-, iðn- og háskólastigi í Eyjum.



Undirritaðir bæjarfulltrúar munu, auk þeirra mála sem tíunduð eru hér að ofan, vinna að þeim málum sem stefnt var að í stefnuskrám framboðanna og öllum góðum málum sem til framfara horfa fyrir Vestmannaeyjabæ.

Við gerð fjárhagsáætlana ár hvert mun koma fram nánari útfærsla á þeim málefnum sem lögð verður áhersla á.

Verkaskipting meirihlutans verður með eftirfarandi hætti:

- Íris Róbertsdóttir verður ráðin bæjarstjóri.
- Njáll Ragnarsson verður formaður bæjarráðs.
- Páll Magnússon verður forseti bæjarstjórnar.
- Formennska í fjölskyldu- og tómstundaráði verður í höndum E-lista.
- Formennska í framkvæmda- og hafnarráði verður í höndum E-lista.
- Formennska í umhverfis- og skipulagsráði verður í höndum H-lista.
- Formennska í fræðsluráði verður í höndum H-lista.

Þá verður leitast við að jafna skiptingu framboðanna í ráðum og nefndum á vegum bæjarins.

Vestmannaeyjum, 20. maí 2022

Páll Magnússon

Njáll Ragnarsson

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Helga Jóhanna Harðardóttir

Íris Róbertsdóttir